

Kynverund og fólk sem þarf mikinn stuðning í daglegu lífi

Kristín Björnsdóttir prófessor

Kynverund

- Skilgreining Alþjóða heilbrigðisstofnunarinnar á kynverund:
 - Kynverund sameinar flesta mannlega þætti er lúta m.a. að kyni, kyngervi, kynhlutverkum, kynhneigð, kynhegðun, nánd og barneignum.
 - Einstaklingar upplifa kynverundina og hún verður sýnileg með viðhorfum, löngunum, gildum, hegðun, hlutverkum og samböndum þeirra við annað fólk.
 - Þótt margir þættir kynverundar séu hér upptaldir er ekki þar með sagt að allir upplifi alla þessa þætti í sínu lífi eða sýni þá.
 - Ýmsir líffræðilegir, félagslegir og menningarbundnir þættir hafa áhrif á mótun kynverundar (World Health Organization, e.d.).

Tabú

- Öll umræða um kynverund fólks með þroskahömlun hefur verið tabú og tengist stofnavistun þeirra
- Hlutverk stofnana var m.a. að koma í veg fyrir að fólk með þroskahömlun yki kyn sitt
- Konur voru frekar vistaðar á stofnunum heldur en karlar
- Algengara að konur færu í ófrjósemisaðgerðir heldur en karlar

Blæðingar, aðstoð og upplýst samþykki

- Það getur komið upp sú staða að aðstoðarfólk vill ekki aðstoða konur með hreinlæti ef þær eru á blæðingum
- Lausn:
 - Að fá nýtt aðstoðarfólk
 - Að missa af þátttöku
 - Að nota hormónalyf
- Kostir við hormónalyf geta verið minni tíðarverkir
- Ókostir við hormónalyf geta verið aukaverkanir eins og höfuðverkir eða alvarleg áhrif á heilsufar
- Þegar kona getur ekki gefið upplýst samþykki þá þarf að ígrunda vel af hverju er verið að setja hana á þessi lyf. Er það henni fyrir bestu eða er verið að skapa betri starfsaðstæður fyrir aðstoðarfólk?
- Er verið að stjórna frjóssemi kvennanna umfram það sem telst eðlilegt?

Sjálfsfróun fatlaðra karla

- Sjálfsfróun fatlaðra kvenna hefur nær ekkert verið rannsökuð
- Sjálfsfróun fatlaðra karla hefur mikið verið rannsökuð
 - Sjúkdómsvædd umræða og viðbrögð
 - Kyndeyfilyf eða atferlisgreining og íhlutun
- Það getur komið upp að karlar stundi sjálfsfróun í opnu rými
- Lausn:
 - Samfestingur
 - Binda hendur við hjólastól
 - Útiloka frá þátttöku í opnu rými

Að viðurkenna kynverund og einkalíf

- Önnur lausn:
 - Að greina aðstæður og skilja einstaklinginn
 - Að bera virðingu fyrir kynverund einstaklingsins og skapa honum öruggt rými til sjálfsfróunar
 - Að breyta vinnubrögðum þannig að einstaklingurinn upplifi einkalíf og að það sé munur á opnu rými og einka rými
 - Að gera ráð fyrir kynverund (og öllu því sem hennir fylgir) í stuðningsáætlunum
 - Að setja kynverund/kynlíf inn í tjáskiptaformið – tákni, merki ...

Að lokum

- Fatlað fólk ræður yfir líkómum sínum sjálf og ræður hvort það stundar kynlíf eða ekki
- Ekki skal stunda kynlíf með einstaklingi sem ekki er sjálfur fær um að gefa samþykki sitt
- Gallinn við óhefðbundnar tjáskiptaaðferðir er að þær eru alltaf háðar túlkun aðstoðarmannsins að einhverju leyti
- Fatlað fólk er útsettara fyrir kynferðisofbeldi heldur en annað fólk
- Umræða um kynverund fatlaðs fólks er mikilvægur þáttur í að tryggja kynheilbrigði til jafns við aðra
